

Árni Þór Finnsson f.h.
Nemendafélagsins á Bifröst

Pskj. 246 – 227. mál, um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr.

Undirritaður telur 1. mál. breytingatillögunnar óþarfa enda kemur hún fram í reglum LÍN 2007-2008 í 2. mgr. kafla 2.2.1. um námsframvindu.

Undirrituðum þykir kostur að hafa ofangreindan málslið í reglum LÍN, helstu ástæður þess eru, að auðveldara er að breyta skilgreiningunni á fullu námsláni gerist þess þörf og að LÍN er í betri tengingu við nemendur og geta því brugðist við hraðar en Alþingi.

Í bók Sigurðar Líndal, Um lög og lögfræði I, segir á bls. 122: „Löggjafarstarf verður alltof torvelt og þungt í vöfum ef öll nauðsynleg fyrirmæli verða að vera í lögum. Þingheimi er ofvaxið að kynna sér hvert smáatriði til hlítar, þannig að hætt er við að málefni verði afgreidd án þess að þeim sem sitja á löggjafarsamkundinni sé nægilega ljóst um hvað þeir eru að fjalla.“

Ennfremur segir á sömu bls.: „Sérþekking nýtist betur hvort heldur á staðbundnum aðstæðum eða í sérfræðilegu efnum.“

Undirritaður tekur undir orð Sigurðar í þessum efnum.

Lagt er til að ný málsgrein við 3. gr. laganna er verður 2. mgr. verði:

„Námslán skerðist hlutfallslega í samræmi við námsframvindu allt að 50%.“

Fellur 1. mál. brott vegna ofangreindra ástæðna.

2. gr.

Engar athugasemdir gerðar við a. og b. lið 2. gr. frumvarpsins.

3. og 4. gr.

Engar athugasemdir gerðar við 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Undirritaður vill að hluti námslána verði breytt í styrk frá Ríkinu, eins og þið segið í greinagerðinni þá er menntun undirstaða velferðar og framfara og að aukin menntun leiði til betra mannlífs og samfélags sem helst í hendur við hagvöxt.

Með þeirri breytingu er fleirum gefinn kostur á að stunda nám og þá það nám sem þeir myndu helst vilja kjósa en hafa ekki efni á.

F.h. Nemendafélagsins á Bifröst
Árni Þór Finnsson